

Fjórhúfundur vetrarins í Gammadeild DKG, jólafundurinn, var haldinn mánudaginn 6. desember 2010, kl. 20:00, að heimili Árnýjar Elíasdóttur, Huldulandi 14, Reykjavík.

Fyrirlesari: Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir

Tekið fyrir:

1. Fundarsetning.Formaður, Kristín Jónsdóttir, setti fund kl. 20:00. Alls sóttu 25 konur fundinn.Hún bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Nafnakall fylgdi.Alls sóttu 25 konur fundinn.

2. **Kerti tendruð og tilkynningar:**Formaður tendraði kertin og hafði nafnakall. Hún minnti á Evrópuráðstefnu í Baden Baden 3.–6. ágúst 2011 svo og landsþing fyrstu helgina í maí á Suðurlandi og hvatti konur til að koma með tillögu að erindi eða vinnustofu. Yfirskrift þingsins er *Fagmennska í fyrirrúmi*. Gönguhópurinn fer í göngu frá Hallgrímskirkju næsta miðvikudag kl. 17:30. Á dagskrá voranna deildarinnar verður áfram sama þema og á haustönn eða það sem efst er á baugi í félags-, efnahags-, mennta- og stjórnmálum. Þann 12. jan. verður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gestur okkar og ræðir um gildru feðraveldisins. Þann 14. febr. kemur Ragna Árnadóttir til okkar og þann 16. mars Steinunn Guðbjartsdóttir. Formaður Epsilondeildar kom með þá tillögu að maifundur yrði fyrir utan bæ í boði Epsilondeildar eða þann 23. maí nk. Loks greindi formaður frá bréfi frá uppstillingarnefnd. Fundargerð síðasta fundar fresta
3. **Minning Maríu Kjeld:**Vilborg Dagbjartsdóttir minntist Maríu Kjeld og sagði frá samskiptum þeirra og vinskap í gegnum árin. Gammakonur tókust í hendur og minntust Maríu í stuttri þögn.
4. **Orð til umhugsunar:**Vilborg Dagbjartsdóttir las úr bók sinni *Síðdegi*, sem út kom á vegum JPV útgáfunnar nú í sumar í tilefni af áttæðisafmæli Vilborgar.
5. **Kynning á jólabók:**Gestur fundarins var Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir rithöfundur og sagnfræðingur en hún gefur út tvær bækur nú fyrir jólin, spennusöguna *Mörg eru ljónsinseyru* og *Dagur kvennanna* sem Þórunn skrifaði í samvinnu við Megas, en sú fyrrnefndar var tilnefnd til *Íslensku bókmenntaverðlaunanna*. Þórunn dró upp mynd af bakgrunni bókarinna *Mörg eru ljónsins eyru* en efnið sækir hún í Laxdælu og færir til nútímans – afbrýðisemi, ástarþríhyrningur og heitar tilfinningar. Efni fyrri bókar sinnar, *Kalt er annars blóð* sótti hún í Njálssögu. Hún reifaði hugmyndir sínar um næstu bók og sagði frá störfum sínum sem sagnfræðingur og rithöfundur. Síðan ræddi hún stöðu kvenna, sagði frá því hvernig hún varð miklu hressari eftir að eggjahormónin gufudu upp og testósterónið eða karlhormónið steig fram. Þórunn sagði frá uppruna sínum, foreldrum, sex systkinum og skilnaði foreldranna.Að innleggi Þórunnar loknu voru fyrirspurnir til hennar og umræður.
6. **Veitingar:**Að venju kom hver og ein Gamma-systur með eitthvað á hlaðborðið.
7. **Söngur:**Þórunn, gestur okkar, settist við píanóið og viðstaddar sungu jólalög.
8. Formaður færði Þórunni rauða rós sem þakklætisvott fyrir komuna og erindið. Hún færði Ingibjörgu Jónasdóttur gjöf í tilefni af 60 ára afmæli hennar og Árnýju rós fyrir húsaskjólið. Einnig færði hún Kristínu Jónsdóttur kennslukonu og Maríu Pálmadóttur rós að tilefni þess að þær urðu 50 ára á árinu. Formaður sleit síðan fundi kl. 22:30.

GGÓ fundarritari.